

## Ágrip

Námsefni, kennsla og kennsluhættir eru lykilþættir sem saman skapa góða heild sem gerir kennslugrein áhugaverða ef vel tekst til. Kveikjan að þessari rannsókn var sú að annar skólinn sem kannaður er í rannsókninni er að reyna nýtt námsefni sem hannað er af kennurum skólans og er það á margan hátt frábrugðið því efni sem er kennt annars staðar. Markmiðið með rannsókninni var að kanna hvort nýtt námsefni og nýstárlegir kennsluhættir geti hugsanlega haft áhrif á viðhorf nemenda til þeirra til íslensku; finnst þeim hún gagnleg og skemmtileg? Hvað er skemmtilegast? Hvað mætti vera með öðru móti? Í rannsókninni eru svör nemenda tveggja skóla með ólíkar áherslur og ólíkt kennsluefni borin saman og rædd og kannað hvort megi tengja hugsanlegan viðhorfsmun við námsefni og kennsluhætti. Úrtakið var 202 nemendur, 107 úr skóla A, þar sem kennsluefni og kennsluhættir eru með hefðbundnum hætti, og 95 úr skóla B, þar sem tilraun er gerð með nýstárlegt kennsluefni og óhefðbundna kennsluhætti. Nemendur svöruðu spurningalista sem lagður var fyrir. Spurningarnar tengdust námi almennt og viðhorfum til íslensku eins og hún er kennd í efri bekkjum grunnskóla. Niðurstöðurnar voru nokkuð ljósar. Í svörum nemenda kom í ljós að meiri ánægja ríkti í skóla B; þar var töluvert hærra hlutfall nemenda ánægðir með kennsluefnið í íslensku. Í skóla A var hins vegar hærra hlutfall nemenda sem voru hvorki ánægðir né óánægðir og frekar óánægðir. Nemendur í skóla B völdu íslensku sem skemmtilegustu námsgreinina á meðan nemendur í skóla A völdu íslensku sem þá námsgrein sem þeim fannst síst skemmtileg. Niðurstöður telur höfundur að rekja megi til tengsla á milli námsefnis, kennsluhátta og viðhorfs til námsgreinarinnar í skólunum tveimur.

# Efnisyfirlit

<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>2</b>
<b>2. KÖNNUNIN</b> .....	<b>4</b>
2.1 MARKMIÐ.....	4
2.2 FRAMKVÆMD.....	4
2.3 AÐFERÐ.....	7
<b>3. NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>9</b>
3.1 LÍÐAN OG GENGI NEMANDANS; GAGNSEMI NÁMSINS.....	9
3.2 KENNSLUBÆKUR, NÁMSÞÆTTIR, KENNSLUHÆTTIR OG KENNARI.....	21
3.3 LESTUR OG LESTRARVENJUR.....	34
3.4 MARKMIÐSSETNING OG ÁNÆGJA.....	38
3.5 HVÆÐ VANTAR Í ÍSLENSKUKENNSLUNA?.....	43
<b>4. UMRÆÐUR UM NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>44</b>
<b>5. LOKAORD</b> .....	<b>46</b>
<b>HEIMILDIR</b> .....	<b>47</b>
<b>FYLGISKJÖL</b> .....	<b>ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.</b>

# 1. Inngangur

Mörgum er hugleikin menntun barna og unglunga á Íslandi. Flestar þjóðir vilja vera í röð þeirra bestu og geta státað sig af góðum árangri nemenda. Þar er Ísland engin undantekning. Þær alþjóðlegu rannsóknir sem hafa verið gerðar (PISA) eru þó ekki alltaf hagstæðar fyrir okkar þjóð þrátt fyrir að vel sé hlúð að menntamálum hér á landi og markvissar kröfur gerðar til nemenda. Fagfólk, sem og fleiri, eru því uggandi yfir framtíð íslenskrar skólaæsku. Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar í þeim tilgangi að finna orsakir þess að okkar börnum gengur námið ekki jafnvel eða betur en börnum í nágrannalöndum okkar. Með ótal prófum er fylgst með stöðu nemenda þannig að menntastofnanir ættu að vera vel meðvitaðar um hvar skóinn kreppir þegar niðurstöður úr rannsóknum eru ljósar. Eitt af því sem rannsóknir hafa m.a. sýnt fram á er að lestrarvenjur ungs fólks hafa breyst verulega síðustu ár, þ.e. að nemendur lesa minna núna en jafnaldrar þeirra gerðu 1993 og 1965 (Guðný Guðbjörnsdóttir 2006: 60-81). Frammistaða nemenda virðist ekki í mikilli framþróun þó að vitneskja úr rannsóknum liggi fyrir.

Menntun nær yfir stóran hluta af ævi hvers einstaklings og því er mikilvægt að vel sé að henni staðið. Menntastofnun ætti því að vera umhugað um að nemendur hafi ánægju af skólagöngu sinni og finnist hún gagnleg. Í þessari ritgerð er fylgst með gengi nýs námsefnis og breyttum kennsluháttum í íslensku í vettvangsnámi veturinn 2007 í skóla á Suðurlandi. Námsefnið, Vallaskólaleiðin, þykir nýstárlegt og gæti verið stefnumótandi fyrir íslenskukennslu almennt. Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* (1999) var hverju bekkjarstigi sett ákveðin þrep sem farið var eftir og eftir hvern bekk í grunnskóla á nemandinn að vera fær um ákveðin atriði (1999:36-47). Í nýrri aðalnámskrá frá 2006 (*Aðalnámskrá grunnskóla* 2006:8-11) er talað um að mestu skipti að skipuleggja íslenskukennslu þannig að nám nemenda verði heildstætt. Vallaskólaleiðin er í takt við þær nýngar sem koma fram í *Aðalnámskrá* 2006 og sú vitneskja styrkti mikilvægi þessarar rannsóknar. Í rannsókninni eru bornir saman tveir grunnskólar, annar af Stór-Reykjavíkursvæðinu og hinn af landsbyggðinni. Hér er um að ræða samburðarrannsókn á viðhorfi nemenda á unglingsstigi (8.,9. og 10. bekk) til íslenskukennslu, námsefnis og kennsluhátta. Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á viðhorfi nemenda til íslensku (sjá t.d. Krístrúnu Júlíusdóttur 2006) en ekki rannsókn sem

Þessi þar sem tveir skólar úr ólíku umhverfi með ólíkt námsefni og kennsluhætti eru bornir saman.

Rannsókn Ingvars Sigurgeirssonar er ein sú viðamesta sem gerð hefur verið hérlandis á notkun kennsluefnis. Í rannsókn Ingvars kemur fram að mikilvægt sé að gera nemendur virkari þátttakendur í kennslunni. Þá þarf að varast að njörva kennsluna niður í fræðilega þætti og kennari mætti leyfa sér að hnika frá tímatöflunni þannig að aukið svigrúm verði í kennslu. Íslenskan er fjölbreytt og marga þætti innan hennar mætti draga betur fram í dagsljósið og tengja þá betur (Ingvar Sigurgeirsson 1991:119-130).

Með þessari rannsókn er markmiðið að komast að því hvort kennsluhættir og námsefni skipti sköpum fyrir nemendur og hafi áhrif á viðhorf þeirra. Samkvæmt nýjustu PISA rannsókn komu íslensk börn ekki vel út og miðað við fyrri PISA rannsóknir höfum við dregist aftur úr. Ekki síst eru nemendur lakari en áður hvað varðar lestur og lesskilning. Samkvæmt rannsókn sem Þorbjörn Broddason gerði á 10-15 ára börnum í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum er bóklestur umtalsvert minni en hann var fyrir nokkrum áratugum (Þorbjörn Broddason 2005:49-54). Þessar niðurstöður eru sláandi og hljóta að vekja upp þá spurningu hvað geti aukið áhuga barna og unglunga á íslenskunni sem námsefni. Er kannski tímabært að fá breytingar sem gætu stuðlað að breyttu viðhorfi og áhuga? Breytingar geta oft verið til góðs og stuðlað að framþróun og breyttri stefnumótun í menntamálum. Góð íslenskukennsla er mikilvægur þáttur í allri okkar menntun (*Aðalnámskrá* 1999:7-8).

Á rannsóknina, sem hér greinir frá, skal líta sem forrannsókn eða undanfara stærri rannsóknar. Markmiðið með henni er einungis að fá skýrar hugmyndir um stöðu mála í grunnskólunum, ekki að sýna fram á tölfræðilega marktækar niðurstöður. Því er ekki gerð tilraun til að reikna út marktækni og staðalfrávik. Það bíður annarrar rannsóknar.

## 2. Könnunin

### 2.1 Markmið

Markmið rannsóknarinnar er að fá svör við nokkrum spurningum sem geta varpað ljósi á ákveðna þætti námsins. Til þess að skilja tilgang hennar er nauðsynlegt að geta borið kennsl á og túlkað rannsóknarspurningarnar (McMillan 2008:29-30). Spurningarnar sem gengið er út frá eru þessar:

1. Hvað er það sem ræður áhuga unglunga á námsefni í íslensku?
2. Hvaða áhrif hafa ólíkir kennsluhættir á áhugann?
3. Hvaða efnislegu breytur hafa áhrif á viðhorf unglunga til íslenskunáms?
4. Hvaða félagslegar breytur virðast skipta máli í þessu samhengi?

Niðurstöður rannsóknar sem þessarar ættu að nýtast skólunum vegna þess að slíkur samanburður á skólum hefur ekki verið gerður í teljandi mæli áður. Áhugavert er að sjá hvort að námsefni og kennsluhættir séu mælanlegir þættir í viðhorfum nemenda til íslenskukennslu.

### 2.2 Framkvæmd

Við val á skólum fyrir rannsóknina var fyrst og fremst tekið mið af því að þar voru notaðir ólíkir kennsluhættir og námsefni. Einnig voru þeir valdir með tilliti til staðsetningar, en hún getur skipt máli félagslega fyrir nemendum.

Í skólanum af Stór-Reykjavíkursvæðinu, sem við köllum A, eru 350 nemendur. Íslenskukennarar við skólann eru tveir, báðir konur. *Kennari 1* er með kennaramenntun úr KHÍ með íslensku sem valgrein og hefur kennt í 25-30 ár. *Kennari 2* er með kennaramenntun úr KHÍ, einnig með íslensku sem valgrein og hefur kennt í 15-20 ár.

Skólinn á landsbyggðinni, sem við skulum kalla B, er talsvert stærri, þ.e. nemendur eru um 720. Íslenskukennarar við skólann eru þrír, allt konur sem eru fagmenntaðir kennarar. Þær hafa starfað mislengi við kennslu. *Kennari 1* er með próf frá Kennaraskólanum (gamla) og tók einnig stúdentspróf þaðan, hún hefur kennt í 32 ár.

*Kennari 2* er með kennarapróf frá KHÍ með íslensku sem kjörsvið og hefur kennt í 10 ár. *Kennari 3* er íslenskufræðingur með kennslu og uppeldisfræðimenntun frá HÍ, hún hefur kennt í 7 ár.

Stærðarmunurinn á skólunum er nokkur en þar sem rannsóknarhópurinn var unglingasvið beggja skóla þá miðaðist úrtakið við u.þ.b. 200 nemendur. Vegna veikinda voru þátttakendur ekki jafnmargir úr hvorum skóla en lokaniðurstaðan var sú að í skóla B tóku 95 nemendur þátt í rannsókninni en 107 nemendur í skóla A.

Í skóla A er námsefnið nokkuð hefðbundið. Byggt er á *Aðalnámskrá grunnskóla* þar sem markmiðin eru í stuttu máli þau að auka færni nemandans í íslensku almennt, þ.e. í töluðu máli, lestri, hlustun og ritun og efla með nemandanum skilning á sögulegu og menningarlegu gildi íslenskrar tungu og bókmennta (*Aðalnámskrá* 1999: 14-15). Í 8. bekk er námsefnið í málfræði eins og hér segir: *Fallorð* eftir Magnús Jón Árnason. *Íslenska* eftir Jón Norland. *Orðhákur* eftir Magnús Jón Árnason og *Finnur 1* eftir Svanhildi Kr. Sverrisdóttur. Í stafsetningu er lesin bókin *Stafsetning* eftir Helgu Sigurjónsdóttur. Í bókmenntunum er lesin *Gunnlaugssaga Ormstunga* og *Benjamín Dúfa* eftir Friðrik Erlingsson, auk þess sem lesnir eru kaflar úr *Mályrkju 1* eftir Þórunni Blöndal. Einnig er lesin ein kjörbók sem unglingarnir gera verkefni úr. Í ritun eru nemendur með handbók um ritun ásamt gagnvirku efni á kennsluvefnum [www.ritbjörg.is](http://www.ritbjörg.is). Í 9. bekk er námsefni í málfræði: *Sagnorð* og *Smáorð* eftir Magnús Jón Árnason, *Orðhákur 2* eftir Magnús Jón Árnason og *Finnur 2* eftir Svanhildi Kr. Sverrisdóttur. Í bókmenntunum er *Hrafnkelssaga Freysgoða*, *Djöflaeyjan* eftir Einar Kárason, valið efni úr *Mályrkju 2* eftir Þórunni Blöndal og lesin kjörbók sem nemendur gera ritgerð úr. Þá er notuð bókin *Stafsetning* eftir Helgu Sigurjónsdóttur. Fjallað er um ljóð, einkenni ljóðlistar, byggingu, myndmál og bragfræði. Ritunin er byggð á sama efni og hjá 8. bekk. Í 10. bekk er námsefnið í málfræði: *Íslenska, kennslubók í málvísi og ljóðalestri fyrir eldri bekki grunnskóla og framhaldsskóla* eftir Gunnlaug V Snævarr og Jón Norland og *Finnur 3* eftir Svanhildi Kr. Sverrisdóttur. Einnig fara kennarar yfir eldri samræmd próf með nemendum til undirbúnings. *Stafsetningin* eftir Helgu Sigurjónsdóttur. Ljóð: *Ljóð í tíunda* eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson og sérsamin verkefni í ljóðlist. Farið verður í helstu einkenni ljóðlistar, m.a. bragfræði, byggingu, myndmál

o.fl. Í bókmenntum eru teknar fyrir *Laxdæla, Englar Alheimsins* eftir Einar Mát Guðmundsson og *Hýbýli vindana* eftir Böövar Guðmundsson.

Verkefni tengd bókunum eru unnin samhliða lestri. Að auki er lesin kjörbók sem nemendur gera ritgerð úr. Námsefnið er nokkuð hefðbundið og sjaldan vikið frá fastmótaðri skólanámsskrá.

Í skóla B er val námsefnis með öðru móti en í skóla A. Engu að síður er stuðist við *Aðalnámsskrá*. Skóli B hefur sitt eigið námsefni sem þrír íslenskukennarar við skólann hafa tekið saman. Námsefnið er ennþá í þróun en er engu að síður kennt í öllum bekkjardeildum á unglingastigi. Nemendur í 8. bekk byrjuðu með námsefnið haust 2007 en nemendur í 9. og 10. bekkur eru með það á öðru ári. Námsefni er sérstakt vegna þess að það er byggt á lotum. Eitt námshefti er fyrir hvern bekk (8., 9. og 10.) og hverju hefti er skipt í u.þ.b. níu þriggja vikna lotur. Hver lota hefur sínar eigin áherslur og eina upprifjunarlotu. Nemendur skila öllum verkefnum í lok lotu og taka próf. Einkunn hverrar lotu er meðaltal verkefna og prófs. Hver nemandi er með sína viðmiðunartölu og þarf að ná henni. Takist það ekki, endurtekur hann prófið. Nemandi hefur tækifæri til að taka prófið tvisvar. Í lok 9. lotu er prófað úr öllu námsefni vetursins. Hver og einn nemandi hefur tækifæri að vinna á sínum hraða og eftir sinni getu. Ef nemandi er áhugasamur er ekkert því til fyrirstöðu að hann vinni áfram í lotunum eins og hann getur og hefur áhuga á. Þess eru dæmi að nemandi í 8. bekk sé að vinna í námsefni sem tilheyrir 10. bekk. Þetta er því eftirtektarverð nýjung.

Nemendur í 8. bekk nota ritið *Vallaskólaleiðin* sem er lotubundið vinnuhefti. Samhliða vinnuheftinu notast nemendur við bækur eins og *Málfinn* og *Skrifinn* eftir Svanhildi Kr. Sverrisdóttur, *Handbók í málfræði* eftir Höskuld Þráinsson, *Hugtakarollu* eftir Þórð Helgason og fleiri bækur ef með þarf.

Í bókmenntum lesa nemendur *Hrafnelssögu Freysgoða* og velja síðan um bækurnar *Peð á plánetunni jörð* eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur eða *Strandanornirnar* eftir Helgu Kristínu Gunnarsdóttur. Einnig er lesin ein kjörbók sem nemendur gera ritgerð úr. Þess má geta að allt sem viðkemur málfræði og stafsetningu er í heftinu *Vallaskólaleiðin*.

Í 9. bekk eru nemendur með ritið Vallaskólaleiðin sem unnin er á sama hátt og í 8. bekk. Nemendur vinna einnig aðeins með *Mályrkju 2* eftir Þórunni Blöndal. Í bókmenntum fara nemendur í *Íslendingaþætti*, sem eru stuttar frásagnir af Íslendingum á 13. öld. Nemendur velja á milli þriggja bóka: *Góða ferð Sveinn Ólafsson* eftir Friðrik Erlingsson, *Mýrin* eftir Arnald Indriðason og *Grafarþögn* eftir sama höfund. Unnin eru verkefni jafnhliða lestri bókanna. Ein kjörbók er lesin og vinna nemendur ritgerð upp úr henni.

Við vinnu sína í *Vallaskólaleiðinni* nota nemendur ýmsar hjálparbækur, eins og *Málfinn*, *Skriffinn* eftir Svanhildi Kr. Sveinsdóttur, *Handbók í málfræði* eftir Höskuld Þráinsson og fleiri bækur. Reynt er að stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðum hjá nemendum með því að hvetja þá til að nota hjálparbækur við vinnu á verkefnum sínum. Nemendur í 10. bekk eru einnig með sína útgáfu á *Vallaskólaleiðinni* og vinna í lotum eins og áður hefur verið útskýrt. Einnig er stuðist við *Mályrkju III* eftir Höskuld Þráinsson og Silju Aðalsteinsdóttur og lesbókina *Fróði III*.

Í bókmenntum lesa nemendur *Gísla sögu Súrssonar* og *Engla Alheimsins* eftir Einar Má Guðmundsson. Við vinnu í *Vallaskólaleiðinni* hafa nemendur aðgang að fyrrnefndum hjálparbókum. Áhersla er lögð á að nemendur temji sér sjálfstæð vinnubrögð í upplýsingaöflun. Þættir íslenskunnar eins og ljóð, ritun og stafsetning eiga sinn stað í *Vallaskólaleiðinni* þó svo að nemendur styðjist við aðrar bækur. *Vallaskólaleiðin* er ennþá í mótun og árangur þessa kennsluhátta á enn eftir að koma í ljós. Þess má geta að námsefnið er núna kennt í fimm skólum og eru þeir allir að frumkenna efnið.

### 2.3 Aðferð

Rannsóknin er meginleg þar sem stuðst er við spurningarlista (McKernan 1991: 124) sem hentaði rannsókninni vel. Aðferðarfræðin er byggð á ritinu *Doing your research project* (Bell Judith 2005: 28). Gagnasöfnun fyrir átti sér stað með spurningalistaathugun á vetrarmánuðum árið 2008.



## **Þátttakendur**

Þátttakendur voru eins og áður segir nemendur á unglingastigi í grunnskólunum tveimur. Alls svöruðu 202 unglingar listunum. Úr skóla B svöruðu 95 nemendur þar af 40 drengir og 55 stúlkur. Í skóla A svöruðu 107 nemendur, 54 drengir og 53 stúlkur. Fjöldinn í úrtakinu réðist nokkuð af því hverjir voru í skólanum þegar könnunin var lögð fyrir. Nokkuð var um veikindi nemenda og annir miklar í skólastarfinu þannig að það var ekki auðvelt að komast að með rannsóknina, en í góðri samvinnu við kennara skólanna gekk þetta allt upp. Úrtakið í rannsókninni er ekki nægilega stórt til þess að það sé hægt að alhæfa út frá niðurstöðum en þær ættu að gefa viðkomandi skólum hugmynd um viðhorf nemenda þeirra til námsefnis og kennsluhátta. Niðurstöðurnar á samanburði skólanna ættu því að nýtast báðum skólum.

## **Mælitæki**

Spurningarlisti var lagður fyrir í skólunum (sjá fylgirit). Miðað var við að spurningarnar væru lokaðar, fáar og hnitmiðaðar. Spurningarnar voru 17 en á spurningarblaðinu sem fór í skóla B voru 3 aukaspurningar sem sneru eingöngu að Vallaskólaleiðinni, þ.e. 20 spurningar. Kennarar í skóla B óskuðu sérstaklega eftir því að fá ítarlegra álit nemenda á námsefninu, kostum þess og göllum og aukaspurningar tóku mið af því. Þar sem Vallaskólaleiðin er í þróun þótti höfundur sjálfsagt að verða við þessari bön og vonast til að niðurstöðurnar geti nýst skólanum í framtíðinni.

Fyrstu fjórar spurningarnar í könnuninni voru almenns eðlis, t.d. var spurt um kyn viðkomandi og hvernig líðanin væri í skólanum; þær tengdust því ekki íslenskukennslu. Næstu 13 spurningar tengdust allar íslensku og öðru námsefni. Svarmöguleikarnir voru allt frá þremur uppí sex. Í einni spurningu gafst nemendum tækifæri á því að tjá sig skriflega. Nemendum gekk yfirleitt vel að svara spurningunum, eitthvað var þó um ógild svör þar sem nemendur höfðu krossað við fleiri en einn svarmöguleika.


### 3. Niðurstöður

#### 3.1 Líðan og gengi nemandans; gagnsemi námsins


#### 3. Hversu vel eða illa gengur þér í námi?

##### Skóli A

Mynd 1



##### Skóli B




Á súluritunum hér fyrir ofan má sjá að gengi nemenda í skólunum tveimur er svipað en þó má sjá mun á þeim. Í skóla A eru fleiri í 9. bekk (33%) sem gengur mjög vel en í skóla B (21%). Í skóla B er hlutfallið fremur jafnt á milli bekkja hjá þeim sem gengur frekar vel. Aftur á móti í Skóla A sker 9. bekkur sig aðeins úr og hlutfall þeirra sem gengur frekar vel þar er töluvert lægra en hjá 8. og 10. bekk. Í heildina eru skólarnir nokkuð jafnir og ekki er afgerandi munur á því hvernig nemendum gengur. Aðeins hærra hlutfall nemanda í skóla A gengur hvorki vel né illa og frekar illa heldur en í skóla B. Ekki er munur á þeim sem gengur mjög illa á milli skólanna.


#### 4. Hvernig líður þér í skólanum?

Skóli A

Mynd 2



Skóli B



Hér má sjá að fleiri nemendum í skóla A líður mjög vel, en í skóla B. Áberandi er fjöldi nemenda í 10. bekk (55%) sem líður mjög vel. Aftur á móti eru fleiri nemendur í skóla B sem líður frekar vel og eru hlutföllin á milli bekkja mjög áþekkt. Það er ekki mikill munur á milli skólanna á þeim sem líður hvorki vel né illa og illa. Í heildina er ekki áberandi munur á liðan nemenda almennt í skólunum; nemendum virðist almennt líða vel í skólanum.

Næst spyrjum við um álit nemenda til nokkurra námsgreina með tilliti til hversu skemmtilegar þær eru, niðurstöðurnar sjást á næstu síðu.

Tafla 1

5. Hverja af eftirtöldum námsgreinum þykir þér skemmtilegast að læra? Merktu eftir röð 1,2,3 og svo koll af kolli.

Skóli A

	Drengir			Stúlkur		
	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Samfélagsfræði	2,5	3,6	3,7	3,5	3,2	4,2
<b>Íslenska</b>	<b>3,6</b>	<b>4,5</b>	<b>4,4</b>	<b>4,0</b>	<b>4,4</b>	<b>4,0</b>
Stærðfræði	3,3	2,4	3,1	2,6	2,8	3,3
Náttúrufræði	2,4	2,5	2,3	3,6	3,6	3,0
Danska	5,7	5,0	4,4	3,6	3,8	3,5
Enska	3,5	3,0	2,2	3,6	3,1	2,9

Skóli B

	Drengir			Stúlkur		
	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Samfélagsfræði	3,6	2,9	4,2	4,4	4,4	3,7
<b>Íslenska</b>	<b>2,4</b>	<b>2,5</b>	<b>1,8</b>	<b>1,8</b>	<b>1,4</b>	<b>1,8</b>
Stærðfræði	2,9	3,9	3,1	3,4	4,4	2,8
Náttúrufræði	4,0	2,7	3,4	3,5	4,8	2,9
Danska	5,4	4,9	5,5	4,5	3,7	3,0
Enska	2,5	4,1	3,0	2,7	2,7	3,8

Í töflu 1 sjáum við niðurstöður við spurningu 5 þar sem nemendur áttu að tölusetja eftir röð frá 1-6 þá námsgrein sem þeim þykir skemmtilegast að læra. Sú námsgrein sem þykir skemmtilegust var númer 1 og svo koll af kolli niður í 6. Tafla 1 sýnir niðurstöðurnar og var meðaltalið reiknað út. Sú námsgrein sem hefur **lægstu töluna** er sú námsgrein sem nemendum þykir skemmtilegast að læra. Við getum borið saman nemendur skólanna og einnig kynin.

Við samanburð drengja í 8. bekkjum sést að í skóla A er náttúrufræði það fag sem þeim þykir skemmtilegast en drengir í skóla B velja íslensku. Íslenska er valið skemmtilegasta fagið í skóla B hjá báðum kynjum. Í skóla A dreifast niðurstöðurnar á stærðfræði, ensku og náttúrufræði. Áhugavert er að skoða töflurnar og bera þær saman. Hjá skóla A fær íslenskan almennt frekar háar tölur sem þýðir að hún er ekki vinsæl en aftur á móti er þessu öfugt farið hjá skóla B en þar fær íslenskan lágur tölur sem þýðir að fagið nýtur vinsældar.


Í heildina sjáum við að viðhorf nemenda skólanna eru nokkuð ólík og þar geta ýmsir þættir haft áhrif eins og frábrugðið námsefni, ólíkir kennsluhættir og kennarar.

Næst spyrjum við um námsgengi í íslensku. Niðurstöðurnar sjást á næstu myndum:


## 6. Hversu vel /illa gengur þér í íslensku?

Skóli A

Mynd 3



Skóli B






Á mynd 3 sjáum við niðurstöðurnar úr spurningu um hversu vel / illa nemendum gengur í íslensku. Talsverður munur er á milli skólanna á þeim nemendum sem gengur mjög vel og er munurinn vel merkjanlegur í öllum bekkjum. Hlutfallslega eru fleiri nemendur í skóla B sem gengur mjög vel. Munur er á milli 8. bekkja hjá þeim sem gengur frekar vel, fleiri nemendum í 8. bekk (61%) í skóla A gengur vel en í skóla B (51%) og er munurinn 10%. Í skóla B eru fleiri nemendur í 9. bekk (64%) sem gengur frekar vel heldur en í skóla A (49%) munurinn er 13%. Fleiri nemendum í skóla A gengur hvorki vel né illa í íslensku. Í heildina er aðal munurinn á milli skólanna á milli þeirra sem gengur mjög vel og þeirra sem gengur hvorki vel né illa. Munurinn á milli 9. og 10. bekkjanna hjá þeim sem gengur hvorki vel né illa er áberandi. Fleiri nemendum í skóla A gengur hvorki vel né illa og frekar illa. Fleiri nemendum gengur mjög vel og frekar vel í skóla B. Hér gætu hugsanlega þættir eins og námsefni og kennsluhættir átt hlut að máli.


7. Hver af eftirtöldum námsgreinum telur þú að gagnist þér best í framtíðinni í atvinnulífinu?

Skóli A

Mynd 4



Skóli B




Mynd 4 sýnir val nemenda á þeirri námsgrein sem þeir telja þá gagnlegustu í atvinnulífinu. Náttúrufræðin er mjög svipuð hjá öllum bekkjum, 10. bekkur í báðum skólum sker sig úr hvað varðar fjölda. Stærðfræðin virðist vera ofarlega hjá öllum bekkjum í báðum skólunum en hlutföllin eru samt ólík hjá 9. og 10. bekkjum skólanna. Í skóla A telur 10. bekkur stærðfræðina mikilvægasta en í skóla B er það 9. bekkur sem telur hana mikilvægasta. Í skóla A er enskan í miklum metum hjá 8. og 9. bekk en hlutfallið er jafnara hjá skóla B. Viðhorf bekkjanna til gagnsemi íslenskunar er mjög áþekkt og hlutfallið frekar lágt en það vill gleymast að hún er viðamikilið fag og þættir hennar gagnast nemendum í öðrum námsgreinum. Í heildina sýna niðurstöðurnar ekki mikinn mun á milli skóla og afstaða nemenda er svipuð; stærðfræðin er með yfirburði hvað mikilvægi varðar þó svo að hlutfallið þar á milli bekkja sé svolítið ólíkt.

Næst þrengjum við spurninguna hér að framan og spyrjum einungis um gagnsemi tungumála. Á mynd 8 A og B má sjá hvað svör nemenda fólu í sér.


## 8. Hvaða tungumál telur þá að gagnist þér best í framtíðinni?

### Skóli A

Mynd 5



### Skóli B



Á mynd 5 sjáum við muninn á milli skólanna við spurningunni um hvaða tungumál nemendur telji að komi til með að gagnast þeim mest í framtíðinni. Það vekur athygli að í skóla B hefur enginn nemandi valið dönsku þannig að hún fellur sjálfkrafa út. Ef við skoðum íslenskuna þá er munur á milli 9. bekkja í skólunum tveimur. Í skóla B telja 43% nemenda að íslenskan komi til með að gagnast þeim mest í framtíðinni en 12 % í skóla A. Munurinn á milli 9. bekkja skólanna er 31%. Í 10. bekk er einnig munur á milli skóla en ekki mikill, eða 16%. Enskan virðist tvímælaust vera það tungumál sem nemendur beggja skóla telja gagnlegast. Það sem er áhugavert hér er munurinn á milli 9. bekkjanna en nemendur í skóla B (57%) eru ekki eins hrifnir af enskunni og nemendur í skóla A (88%) en munurinn er þarna 31%, eins og í íslenskunni. Þarna má sjá mun á milli skólanna og einnig hvað varðar dönskuna, en eins og áður segir valdi enginn nemandi dönsku í skóla B. Í heildina má sjá að íslenskan í skóla B hefur töluvert hærra hlutfall en í skóla A. Ástæður þess geta tengst áhuga nemenda til íslensku.


Næsta spurning fjallar um hversu ánægðir eða óánægðir nemendur eru með kennslubækurnar í íslensku. Mynd 6 sýna svör nemenda og á mynd 6A eru svörin eftir kynjum.

### 3.2 Kennslubækur, námsþættir, kennsluhættir og kennari


#### 9. Hversu ánægður / óánægður ertu með kennslubækurnar í íslensku?

##### Skóli A

Mynd 6




##### Skóli B




Mynd 6a

Skóli A



Skóli B



Á mynd 6 sjáum við muninn á viðhorfi nemenda til námsefnis í íslensku. Talsverður munur er á milli skólanna hvað varðar ánægju nemenda með námsefnið. Í skóla A sjáum við að þeir, hlutfallslega fáu, nemendur sem eru mjög ánægðir eru nemendur í 9. bekk (3%) og nemendur í 10. bekk (7%). Í skóla B er næstum fjórðungur nemenda í 8. bekk (24%) mjög ánægðir, 18% í 9. bekk og 28% í 10. bekk. Sama er að segja um þá nemendur sem eru frekar ánægðir en þar er töluverður munur á viðhorfi nemenda í öllum bekkjum. Hlutfallslegur munur er á viðhorfi 10. bekkja í skólunum. Í skóla A eru 14% nemenda frekar ánægðir með námsefnið en í skóla B eru 60% nemenda frekar ánægðir. Þarna er áberandi munur á milli. Sama er að segja um 9. bekk og þó að munurinn sé ekki alveg eins mikill er hann samt 32%. Einnig er töluverður munur á milli skólanna á þeim sem eru frekar óánægðir og mjög óánægðir og er það fleiri í skóla A en í skóla B. Í heildina sjáum við að nemendur í skóla B eru ánægðari með námsefnið í íslensku heldur en nemendur í skóla A. Þar gæti ástæðan verið sú að nýtt og nýstárlegt kennsluefni í skóla B og hin óvenjulega kennslutilhögun hugnist nemendum betur en hefðbundin yfirferð námsefnis.

Mynd 6a sýnir okkur hvernig hlutfallið er á milli kynja á viðhorfi til námsefnis í íslensku. Í skóla B eru 31% stúlkna mjög ánægðar með námsefnið en aðeins 7% í skóla A. Hátt hlutfall drengja í skóla B segir að þeir séu frekar ánægðir (63%) meðan aðeins tæpur fjórðungur drengja í skóla A merkir við þann kost (24%). Í skóla B eru fleiri stúlkur (31%) en drengir (13%) á meðal þeirra sem eru mjög ánægðir. Dæmið snýst við hjá þeim sem eru frekar ánægð en þar eru fleiri drengir (63%) en stúlkur (47%).

Í næstu spurningu svara nemendur því hvað er það sem hefur áhrif á áhuga þeirra til íslensku. Í töflunni á næstu síðu sjáum við hvað svörin fólu í sér.



## Tafla 2

### 10. Hvað er það sem hefur áhrif á áhuga þinn til íslensku / íslenskukennslu?

Merktu eftir röð 1.2.3.

#### Skóli A.

	Drengir			Stúlkur		
	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Kennarinn	2,2	1,8	2,4	2,3	2,2	2,3
Námsefnið	1,9	1,8	1,5	1,9	2,0	1,7
Kennsluhættir	1,9	2,3	2,1	1,8	2,0	2,0

#### Skóli B.

	Drengir			Stúlkur		
	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Kennarinn	1,9	2,0	1,4	1,9	1,3	1,6
Námsefnið	1,6	1,8	2,0	2,0	2,0	2,1
Kennsluhættir	2,4	2,0	2,4	2,0	2,6	2,1


Á þessum töflum sjáum við að viðhorfið er svolítið ólíkt á milli skóla. Í skóla A eru hlutfallslega flestir nemendur sem telja að námsefnið hafi mest áhrif á áhuga þeirra á íslensku. Í skóla B dreifast áhrifin meira en í heildina telja fleiri nemendur að kennarinn sé stærsti áhrifavaldurinn.

Í næstu spurningu skoðum við hvaða þætti í íslensku nemendum þykir erfiðast að læra. Mynd 7 sýnir okkur útkomu svara við þeirri spurningu.


11. Hvaða eftirfarandi þætti í íslensku finnst þér erfiðast að læra?

Skóli A

Mynd 7



Skóli B



Á mynd 7 eru bornir saman þeir þættir íslenskurar sem nemendum þykir erfiðast að læra. Í öllum bekkjum beggja skólanna er málfræðin sá þáttur sem nemendum þykir erfiðastur. Í skóla A þykir flestum nemendum í öllum bekkjum málfræðin erfiðust. Hlutfallslega eru fleiri nemendur í skóla A sem þykir hún erfiðust en í skóla B og munar mestu á 9. bekkjum (43%) og á 10. bekkjum (33%). Dreifingin er meiri í skóla B og er aðeins munur á 8 bekkjum í stafsetningu en þar eru fleiri í skóla A sem þykir hún erfiðust. Það vekur athygli að 16% nemenda í 10. bekk í skóla B þykir erfitt að læra talað mál og framsögn. Niðurstöður sýna mun á milli skólanna, þ.e. að nemendum í skóla A þykir málfræðin erfiðust í öllum bekkjum skólans. Í skóla B dreifast niðurstöðurnar á alla þættina þó að málfræðin þyki erfiðust. Áhugavert er að skoða hvernig dreifingin er. Málfræðin er ekki afgerandi erfiðust, dreifingin er á fleiri þætti hjá skóla B en hjá skóla A. Þarna gæti námsefnið hugsanlega verið sá þáttur sem hefur áhrif á niðurstöðurnar.

Í næstu spurningu eiga nemendur að velja eftir röð hvaða þættir í íslensku komi til með að gagnast þeim mest í framtíðinni. Taflan á næstu síðu sýnir hvað fólst í svörunum við þeirri spurningu.

Tafla 3

12. Hver af eftirtöldum þáttum í íslensku heldur þú að komi til með að gagnast þér mest í framtíðinni? Merktu eftir röð, 1,2,3 og svo koll af kolli.

Skóli A.

	Drengir			Stúlkur		
	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Bókmenntir	4,4	4,0	4,3	4,9	4,5	4,3
Málfræði	3,0	3,8	3,4	3,0	3,2	3,4
Ritun	3,1	2,4	2,9	2,1	3,1	3,0
Stafsetning	2,4	2,3	2,2	2,1	2,8	2,8
Talað mál og framsögn	2,0	2,4	2,2	<b>1,9</b>	<b>1,4</b>	<b>1,6</b>

Skóli B.

	Drengir			Stúlkur		
	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Bókmenntir	4,0	3,8	4,0	4,7	4,5	4,7
Málfræði	2,0	2,4	3,0	2,9	3,5	3,0
Ritun	3,1	2,9	3,5	3,2	3,0	3,4
Stafsetning	3,5	3,4	2,3	2,3	2,0	<b>1,8</b>
Talað mál og framsögn	2,3	2,5	2,1	2,1	<b>1,7</b>	2,1

Í töflu 3 eiga nemendur að velja þá þætti íslenskunar sem þeir telji að komi til með að gagnast þeim mest í framtíðinni og merkja frá 1-5. Við samanburð er greinilegt að bókmenntir eru sá þáttur hjá báðum skólum sem nemendur telja að gagnist þeim **minnst** í framtíðinni.

Viðhorf á milli skólanna er ekki mjög frábrugðið. Hjá báðum skólum er talað mál og framsögn sá þáttur sem nemendur telja að gagnist sér mest í framtíðinni. Ef við lítum aðeins á muninn á milli bekkja í skólunum þá er hann hlutfallslega ekki mikill þó að finna megi mun á milli þátta. Munur á milli kynjanna er óverulegur. Ef við tökum 10. bekk í skóla A þá sjáum við að útkoman hjá kynjunum er áþekk. Sama má segja um skóla B en þar getum við skoðað 8. bekk hjá báðum kynjum. Þar eru niðurstöðurnar nokkuð líkar; einhver áherslumunur er á milli þátta, en ekki mikill. Í heildina eru útkoman áþekk. Afstaða nemenda er skýr hvað varðar þá þætti í íslenskunni sem þeir telja að gagnist þeim mest og svo hvaða þættir gagnist þeim minnst í framtíðinni. Niðurstaðan er augljós og áhugavert að hún skuli vera eins hjá báðum skólum. Þarna gæti verið að breyttir þjóðfélags- og fjölskylduhættir haft einhver áhrif á viðhorf nemenda og staða þeirra í þjóðfélagi mikils hraða og tímaleysis.

Næst spyrjum við um hvaða þættir í íslenskunáminu nemendum finnast skemmtilegastir. Lítum á svör við þeirri spurningu á töflu 4 á næstu síðu.

**Tafla 4**

**13. Íslenska skiptist í nokkra þætti. Merktu eftir þeirri röð sem þér finnst námsgreinarnar skemmtilegar, 1,2,3 og svo koll af kolli.**

**Skóli A.**

	<b>Drengir</b>			<b>Stúlkur</b>		
	<b>8. bekkur</b>	<b>9. bekkur</b>	<b>10. bekkur</b>	<b>8. bekkur</b>	<b>9. bekkur</b>	<b>10. bekkur</b>
Bókmenntir	2,8	2,5	3,1	2,1	2,6	2,5
Málfræði	3,4	3,9	4,1	4,6	4,2	3,7
Ritun	3,0	2,4	2,3	2,4	2,9	2,7
Stafsetning	2,9	3,1	3,2	3,8	2,5	3,1
Talað mál og framsögn	2,9	3,1	2,5	2,1	2,7	2,4

**Skóli B.**

	<b>Drengir</b>			<b>Stúlkur</b>		
	<b>8. bekkur</b>	<b>9. bekkur</b>	<b>10. bekkur</b>	<b>8. bekkur</b>	<b>9. bekkur</b>	<b>10. bekkur</b>
Bókmenntir	3,7	2,7	3,5	2,7	3,0	2,8
Málfræði	3,4	2,1	3,2	3,2	2,8	2,8
Ritun	2,1	3,0	3,3	2,6	2,7	3,5
Stafsetning	2,1	3,7	3,0	3,3	3,0	2,8
Talað mál og framsögn	2,1	3,3	<b>1,9</b>	2,8	3,4	2,9

Í töflu 4 eiga nemendur að merkja við námsgreinarnar í íslensku eftir því sem þeim finnst þær skemmtilegar frá 1-5. Skoðum töfluna hjá skóla A en þar er greinilegt að málfræðin er sú námsgrein sem fær minnsta skorið og er þar af leiðandi sú námsgrein sem nemendum þykir leiðinlegast að læra. Engin námsgrein virðist vera áberandi skemmtilegust í heildina hjá skóla A, en ef við lítum á hvern bekk fyrir sig þá eru viðhorfin nokkuð breytileg eftir bekkjum. Í 8. bekk eru bókmenntirnar skemmtilegastar að mati drengja, en hjá drengjum í 9. bekk fær ritun þá einkunn. Stúlkum í 8. bekk og 10. bekk finnast bókmenntir og talað mál og framsögn skemmtilegast. Stúlkur í 9. bekk velja bókmenntirnar og ritun sem skemmtilegustu námsgreinarnar. Hjá skóla B dreifast viðhorfin á námsgreinarnar og ekki er hægt að sjá að ein grein sé afgerandi skemmtileg eða öfugt. Skoðum bekkina aðeins nánar. Drengjum í 8. bekk finnst ritun, stafsetning og talað mál og framsögn skemmtilegustu greinarnar. Hjá sama kyni í 9. bekk er málfræðin talin skemmtilegust og í 10. bekk er það talað mál og framsögn. Skoðanir stúlkna í 8. og 9. bekk er sú að ritun sé skemmtilegust og í 10. bekk eru bókmenntir, málfræði og stafsetning valdar sem skemmtilegustu greinarnar.


Þegar við skoðum töflurnar þá eru það einungis fáein fög sem fara niður í töluna 1. Þetta gerist einungis hjá drengjum í 10. bekk í skóla B en þar er talað mál og framsögn með útkomuna 1,9. Viðhorfið dreifist á flesta þættina þannig að engin einn þáttur er með afgerandi lægstu töluna. Þetta gæti sagt til um að nemendum þætti íslenskan í heild sinni annaðhvort ágæt eða hvorki skemmtileg né leiðinleg og þess vegna ættu þeir erfitt með að velja á milli þátta. Í heildina er áhugavert að sjá að tölurnar í töflunni sýna að enginn þáttur íslenskunnar er áberandi skemmtilegastur sem er vert að hugsa um. Töflurnar eru ekki mjög ólíkar. Viðhorfið dreifist meira á námsgreinarnar hjá skóla B en skýrara viðhorf er hjá skóla A hvað varðar þá námsgrein sem er síst skemmtilegust.

Næst spyrjum við um hvernig gangi að lesa og skilja þjóðararfinn, Íslendingasögurnar. Niðurstöður má sjá á mynd 7.


## 14. Hversu auðvelt eða erfitt finnst þér að lesa og skilja Íslendingasögurnar?

Mynd 7

### Skóli A



### Skóli B






Mynd 7 sýnir okkur útkomuna úr spurningu um hversu auðvelt eða erfitt nemendum finnst að lesa og skilja Íslendingasögurnar. Heldur hærra hlutfall nemenda í skóla B eiga mjög auðvelt með að lesa og skilja þær en í skóla A. Hjá þeim sem þykir frekar auðvelt að lesa og skilja Íslendingasögurnar eru hlutföllin hjá skólunum mjög svipuð. Hjá þeim sem þykir viðfangsefnið hvorki auðvelt né erfitt sker 8. bekkur í skóla B sig svolítið úr með aðeins 14% nemenda á meðan í skóla A eru þessi hópur 43% nemenda. Hjá þeim sem finnst frekar erfitt að lesa og skilja Íslendingasögurnar er hlutfallið hjá báðum skólum fremur lágt. Helst er að sjá mun á 9. bekkjum skólanna, en heldur fleiri nemendum þykir frekar erfitt að lesa og skilja Íslendingasögurnar í skóla A heldur en í skóla B. Í heildina virðist nemendum beggja skóla ganga nokkuð vel að lesa og skilja Íslendingasögurnar og er það ánægjulegt. Munur á milli skólanna er ekki mikill og ekki hægt að segja að annar skólinn skeri sig úr hlutfallslega séð.

Næsta spurning snýr að heimanámi í íslensku og hversu miklum tíma nemendur verja í það. Mynd 6 sýnir niðurstöður svara þeirra.


15. Hvað heldur þú að þú verjir miklum tíma á dag í heimanám í íslensku?

Skóli A

Mynd 8



Skóli B



Á mynd 8 er borinn saman sá tími sem nemendur verja í heimanám í íslensku daglega. Langflestir nemendur í báðum skólum verja 30 mínútum eða minna í heimanám í íslensku á dag. Í skóla B er 90% nemenda í 9. bekk sem verja 30 mínútum eða minna í heimanám, sem er nokkuð hátt hlutfall. Hlutfall nemenda í skóla A sem verja 30 mínútum eða minna í heimanámið er ekki alveg eins hátt. Í skóla A er hærra hlutfall nemenda sem verja 30-60 mínútum í heimanámið á hverjum degi heldur en skóli B. Það eru ekki margir nemendur sem verja 60 mínútum eða meira í heimanám á hverjum degi í skóla B, aðeins 6% nemenda í 8. bekk. Í skóla A eru örlítið fleiri nemendur sem verja 60 mínútum eða meira í heimanámið. Þetta á við um alla bekki þó svo prósentutalan sé ekki há. Í heildina er niðurstaðan sú að ekki er hlutfallslegur munur á milli skólanna á þeim tíma sem nemendur verja í heimanám í íslensku á dag. Hjá báðum skólum er hæsta hlutfallið í 30 mínútur eða minna en dreifingin er aðeins meiri hjá skóla A.


### *3.3 Lestur og lestrarvenjur*

Lestur og lestrarvenjur hafa verið rannsóknarefni margra og fannst höfundu tilvalið að kanna það meðal nemenda. Í spurningunni hér á eftir eru nemendur spurðir hversu oft þeir lesi bækur sér til afþreyingar. Mynd 9 sýnir í hverju svörin fólust og mynd 9 A sýnir hvernig hlutföllin eru á milli kynjanna en það er vel þekkt að stúlkur lesi meira en drengir (*Guðný Guðbjörnsdóttir 2005: 61*).


## 16. Hversu oft eða sjaldan lestu bækur þér til afþreyingar?

Skóli A

Mynd 9



Skóli B



Mynd 9 sýnir hversu oft eða sjaldan nemendur lesa sér til afþreyingar. Ekki virðist vera margir nemendur sem lesa fimm sinnum eða oftar í viku sér til afþreyingar. Í skóla B er enginn í 10. bekk sem les sér til afþreyingar og aðeins 5% 10. bekkinga í skóla A, . Nemendur í 8. bekk í skóla B hafa hæsta hlutfallið en þar lesa 43% nemenda sér til afþreyingar sem má teljast nokkuð gott. Hlutfall nemenda sem lesa 2- 4 sinnum í viku lækkar í 8. og 9. bekk í skóla B og 16% nemenda í 10. bekk les svo oft sér til afþreyingar. Í skóla A er hlutfall þeirra sem lesa 2-4 sinnum í viku svipað og hjá þeim sem lesa 1-5 sinnum í viku. Hlutföllin breytast hjá báðum skólum eftir því hve sjaldan nemendur lesa sér til afþreyingar og er hæðst þar sem nemendur lesa sjaldnar en einu sinni í mánuði. Hæsta hlutfallið er hjá 10. bekk í báðum skólunum.


Á mynd 9a. sjáum við hvernig hlutföllin skiptast á milli kynjanna óháð því í hvað bekk þau eru. Í skóla B er hlutfall stúlkna (27%) og drengja (26%) sem lesa 5 sinnum eða oftar í viku mjög svipað. Í skóla A eru hlutföllin ólík, þar les 8% stúlkna og 22% drengja 5 sinnum eða oftar í viku. Nokkur munur er á milli skólanna hjá stúlkum í þessi tilviki. Hjá þeim sem lesa 2-4 sinnum í viku eru fleiri stúlkur (18%) í skóla A heldur en í skóla B (11%) munurinn er ekki mikill. Það eru heldur fleiri drengir í skóla B (23%) en í skóla A (11%) sem lesa 2-4 sinnum í viku. Hjá skóla A eru hlutföllin á milli kynja hjá þeim sem lesa 1-4 sinnum í mánuði mjög svipuð. En sé miðað við skóla B (13%) eru fleiri strákar (28%) í skóla A sem lesa 1-4 sinnum í mánuði . Hjá þeim sem lesa sjaldnar en einu sinni í mánuði þá eru það fleiri stúlkur (46%) í skóla A heldur en í skóla B (27%). Hlutfall drengja á milli skóla er mjög svipað en í skóla A eru 39% og í skóla B 38%.

Árið 2005 gerði Guðný Guðbjörnsdóttir (Guðný Guðbjörnsdóttir 2005: 60-78) athugun á lestri og tólmstundavenjum nemenda í 10. bekk. Úrtakið voru 100 nemendur úr tveimur skólum. Í athugun hennar var spurt um bóklestur, þ.e. hversu margar bækur kynin hefðu lesið sl. tvær vikur. Þar kom í ljós að rúmlega 60% drengja og tæplega 60% stúlkna höfðu ekki lesið neina bók á þeim tíma. Samkvæmt athugun Guðnýjar er lestur drengja og stúlkna svipaður.


Þegar á heildina er litið má segja það sama um lestrarvenjur nemanda þessara tveggja skóla. Það er ekki áberandi munur á milli kynja hvað lestur varðar en samt áberandi að flestir nemendur verja litlum tíma til afþreyingarlesturs.

## Mynd 9a

### Skóli A



### Skóli B




### 3.4 Markmiðssetning og ánægja

Í þessum kafla má finna niðurstöður úr viðbótarspurningum sem lagðar voru fyrir nemendur í skóla B að beiðni skólayfirvalda. Þessar þrjár spurningar varða allar hið nýja námsefni og geta orðið leiðarvísir við þróun þess. Fyrsta spurningin snýr að svonefndri viðmiðunartölu, en það er markmið sem hver nemandi setur sér í upphafi skólaárs. Viðmiðunartalan miðast við hvaða einkunn nemandi hefur fengið á vorprófi. Nemandi getur sett sér hærra viðmið en útkoman á vorprófinu segir til um. Viðmiðunartalan er nokkurskonar áskorun þ.e. nemandi stefnir á það að vera ekki undir viðmiðunartölunni en frávikin eru 0,5. Niðurstöður úr þessari spurningu má sjá á mynd 10:

#### 17. Hver er viðmiðunar tala þín í íslensku?

Skóli B


Mynd 10



Mynd 10 sýnir okkur að flestir nemendur eru með viðmiðunartölurnar frá 7-8,8 sem er nokkuð gott. Það sem vekur athygli hér er að 64% nemenda í 10.bekk er með viðmiðunartöluna 8-8,5 . Ekki eru margir nemendur með viðmiðunartöluna 9 en skýring á því gæti verið sú að afburðarnemendur séu þegar komnir í framhaldsskóla og enn aðrir hafa mögulega lokið samræmdu prófi í íslensku og sækja þar af leiðandi tíma í framhaldsskóla.

Næsta mynd sýnir kynbundinn mun í vali viðmiðunartölu.

**Mynd 10 a**




Mynd 10a. sýnir okkur hvernig viðmiðunartalan í skóla B er hjá kynjunum. Ef við skoðum viðmiðunartöluna 5-5,5 eru það eingöngu kvenkyn eða 5% nemenda, engin karlkyns nemandi. Dæmið snýst við í þegar viðmiðunartalan er 6-6,5 en þar er 10% karlkyns og 1-2% kvenkyns. Kvenkynið er 10% hærra hlutfall í viðmiðunartölunum 8-8,5. Hjá þeim nemendum sem eru með 9 í viðmiðunartölu er karlkynið með 15% hlutfall




sem kemur kannski aðeins á óvart miðað við aðrar niðurstöður. Stúlkur eru í meirihluta þeirra nemenda sem sækja íslensku í framhaldsskóla og þessi útkoma styður því áðurnefnda útskýringu á lágu hlutfalli nemenda með viðmiðunartöluna 9. Það eru sem sagt fleiri karlkyns afburðarnemendur eftir í íslenskukennslunni í 10. bekk. Ritið sýnir okkur líka að það er ekki afgerandi munur á milli kynjanna í skólanum.

Í síðustu aukaspurningunni er spurt beint um hversu ánægðir nemendur eru með nýja kennsluhætti og nýtt kennslufni. Svörin má sjá í mynd 11.

**18. Hversu ánægður eða óánægður ertu með Vallaskólaleiðina?**  
**Mynd 11**



Mynd 11a



Mynd 11. sýnir okkur hlutföllin við spurningunni hversu ánægðir eða óánægðir nemendur eru með Vallaskólaleiðina. Hlutföllin hjá nemendum sem eru mjög ánægðir með Vallaskólaleiðina eru mjög svipuð. Nemendur í 8. bekk eru með lægsta hlutfallið 32% en hugsanleg skýring gæti verið sú að þeir eru að reyna námsefnið í fyrsta sinn og skoðun þeirra mögulega mótuð af því. Hjá 9. og 10. bekk eru hlutföllin mjög svipuð. Hjá þeim sem eru frekar ánægðir er 8. bekkur með hæsta hlutfallið eða 51% sem er ólíkt fyrri hlutfalli(32%). Svipað hlutfall er hjá 9. (39%) og 10. bekk (44%) sem undirstrikar ánægju nemenda með námsefnið. Hlutfall þeirra sem eru hvorki ánægðir né óánægðir er ekki hátt og hlutfallið þeirra sem eru mjög óánægðir er enn lægra.

Mynd 11a. sýnir okkur hvernig hlutfall kynjanna skiptist. Súluritið sýnir mjög jafna mynd kynjanna sem er áhugaverð útkoma. Munurinn á milli kynjanna er mjög lítill þannig að í heildina má segja að það gæti almennrar ánægju hjá nemendum með Vallaskólaleiðina hvort sem um er að ræða drengi eða stúlkur.

Á töflu 5 má sjá hvað nemendur í skóla B eru ánægðastir með í nýju kennsluefni.

Tafla 5

**19. Hvað ert þú ánægðastur með í Vallaskólaleið? Merktu eftir röð 1.2.3.4**

**Vallaskóli**

	Drengir			Stúlkur		
	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Námsefnið í heild sinni	3,0	3,6	3,1	3,5	3,4	3,5
Vinna í lotum	2,6	2,8	2,1	2,3	2,3	2,1
Vinna eftir eigin markmiðum	2,6	<b>1,3</b>	2,6	2,0	2,6	2,8
Vinna á sínum eigin hraða	<b>1,6</b>	<b>1,6</b>	2,2	<b>1,9</b>	<b>1,7</b>	<b>1,4</b>

Tafla 5 sýnir okkur hvað þættir nemendur eru ánægðastir með í Vallaskólaleiðinni. Nemendur eiga að velja frá 1-4 og sá þáttur Vallaskólaleiðarinnar sem nemendur virðast almennt vera ánægðastir með er að fá að vinna á sínum eigin hraða. Ef við lítum aðeins á einstakan bekk og kyn þá sjáum við að 8. bekkirnir, drengir og stúlkur, velja báðir kostinn "að vinna á sínum eigin hraða". Drengir í 9. bekk velja "að vinna eftir sínum eigin markmiðum" en stúlkurnar velja "að vinna á sínum eigin hraða". Hjá 10. bekk velja drengir "að vinna í lotum" en stúlkur "að vinna á eigin hraða". Námsefnið í heild sinni er með tölurnar 3-3.5 sem gefur til kynna hvað nemendur eru síst ánægðir með í Vallaskólaleiðinni. Hlutfallslega séð er engin afgerandi niðurstaða um hvað nemendur eru ánægðastir með, heldur dreifist viðhorfið á alla þættina. Nemendur virðast því vera ánægðir með Vallaskólaleiðina í heild og ekki tiltakanlega óánægðir með neitt.

### 3.5 Hvað vantar í íslenskukennsluna?

Við gerð könnunar sem þessa er erfitt að komast að hugsunum nemenda og hvað þeim raunverulega finnst um íslenskukennslu. Nemendur hafa yfirleitt sterka skoðun á því sem snýr að skólanum og fá kannski ekki oft tækifæri á að koma skoðunum sínum á framfæri. Með því að kanna hvað þeim finnst um námið og hvað mætti betur fara væri hægt sníða námefti og kennslu meira að þeirra hætti.

#### **Er eitthvað sem ekki er kennt í íslensku en þú myndir gjarnan vilja sjá þar?**

Við þessa spurningu áttu nemendur að skrifa svar sitt á blaðið. Margir nemendur slepptu þessari spurningu en þeir sem skrifuðu komu með góðar ábendingar og lýstu yfir álitinu sínu á íslenskukennslunni, ánægju, hvað mætti betur fara og hverju mætti sleppa.

Í skóla A skrifuðu 26% nemenda, 10 drengir og 18 stúlkur. Í skóla B skrifuðu 27% nemenda, 6 drengir og 20 stúlkur. Þetta er ekki hátt hlutfall en kannski nægilegt til þess að gefa mynd um viðhorf nemenda. Af marktækum svörum var nokkuð skýrt hvað nemendum fannst skorta í íslenskukennsluna og viðhorf nemanda var afar líkt í báðum skólum. Meirihluti þeirra nemenda sem skrifuðu vildi fá meiri kennslu í tjáningu. Þeir vildu æfingu í að tala og rökstyðja skoðanir sínar og töldu að slík færni myndi hjálpa þeim síðar á námsleiðinni. Margir nemendur vildu einnig fá meiri kennslu í ritun og læra að skrifa góðar ritgerðir svo þeir væru betur undirbúnir þegar í framhaldsskólann kæmi. Nokkur fjöldi nemenda vildi fá meiri tíma fyrir frjálsan lestur og tilsögn og þjálfun í lestri, t.d. með því að lesa upp fyrir bekkinn.

Þetta var það jákvæða sem nemendur nefndu, en einnig komu upplýsingar um hverju þeim fannst ofaukið. 20% nemenda nefndu málfræði sem þann þátt sem þeir voru óánægðir með. Það viðhorf er í samræmi við aðrar niðurstöður úr rannsókninni. Svör nemenda voru á þá leiða að málfræðin væri leiðinlegust, hefði ekkert notagildi og hverjum væri ekki sama hvort þessi eða hin sögnin væri í viðtengingarhætti, framsöguhætti eða nafnhætti. Einlæg svör sem segja margt.

## 4. Umræður um niðurstöður

Af niðurstöðum rannsóknarinnar má ráða að námsefni og kennsluhættir í íslensku hafi raunverulega áhrif á viðhorf nemanda til námsgreinarinnar. Námsefni og kennsluhættir eru því efnislegar breytur í þessari rannsókn, hafa með öðrum orðum áhrif á niðurstöður rannsókna.

Þar sem rannsóknin er meginlæg er samanburðurinn eingöngu byggður á tölum og mælingum. Slík rannsókn gefur ekki svigrúm til að fara djúpt í ástæður og hugsunargang hvers og eins nemanda en spurningar voru skýrar og svörin í samræmi við þær. Niðurstöðurnar eru því greinilegar og verða nú ræddar með hliðsjón af rannsóknarspurningunum sem lagt var upp með í byrjun.

*Hvað er það sem ræður áhuga unglunga á námsefni í íslensku?*

Í spurningu eru 10 eru nemendur spurðir hvað hefur áhrif á áhuga þeirra til íslensku / íslenskukennslu. Niðurstöður sýna að námsefnið skiptir miklu máli og þó að niðurstöðurnar séu ekki eins hjá báðum skólum er augljóst að námsefnið hefur mikið að segja. Þær niðurstöður má tengja við niðurstöður við spurningu 13, töflu 4, þar sem nemendur eiga að velja þann þátt í íslensku sem þeim þykir skemmtilegast að læra. Taflan hjá skóla A gefur nokkuð skýra mynd um hvað þeim finnst skemmtilegt að læra og hvað síst skemmtilegt. Málfræðin er greinilega ekki einn af skemmtilegri þáttum íslenskunnar. Skýringin getur verið sú að málfræðiþátturinn skipi almennt of stóran sess í kennslunni. Niðurstöðurnar í töflunni sýna skýrt viðhorf nemenda.

Skoðum skóla B þar sem niðurstaðan er önnur. Í fljótu bragði sker enginn einn þáttur sig úr í spurningunni um hvað er skemmtilegast og síst skemmtilegast að læra. Viðhorfið dreifist á alla þættina sem gæti gefið til kynna að nemendur séu ánægðir með íslenskuna í heild sinni og eigi erfitt með að velja einhvern einn þátt fram yfir annan. Þarna gæti breytan verið námsefnið, en skólarnir hafa frábrugðið námsefni.

*Hvaða áhrif hafa ólíkir kennsluhættir á áhuga unglunga?*

Eins og áður hefur komið fram voru skólarnir valdir með tilliti til þess að þeir eru með ólíkt kennslufni og kennsluhætti. Í spurningu 9 eru nemendur spurðir hversu ánægðir / óánægðir þeir væru með kennslubækurnar í íslensku. Við samanburð á svörum kemur greinilega fram að nemendur í skóla B eru töluvert ánægðari með kennslubækurnar í íslensku heldur en nemendur í skóla A. Fleiri nemendur í skóla A eru frekar ónægðir með námsefnið en í skóla B. Þarna getur verið tengsl á milli námsefnis og kennsluhátta þar sem báðir þessir þættir hjá skóla B eru frábrugðnir skóla A. Niðurstöður gefa sterkar vísbendingar um að kennsluhættir og kennslufni hafi áhrif á gengi nemenda í námi svo og viðhorf þeirra til greinarinnar.

*Hvaða efnislegu breytur hafa áhrif á viðhorf unglunga til íslenskunáms?* Hér er hægt að vísa í spurningu 9 þar sem nemendur eru spurðir um ánægju / óánægðu með kennslubækurnar í íslensku. Þar eru niðurstöðurnar augljósar á milli skóla. Hlutfall nemenda sem eru mjög ánægðir og frekar ánægðir með kennslubækurnar í íslensku er mun hærra hjá skóla B en hjá skóla A. Í spurningu 5, töflu 1, eiga nemendur að velja á milli sex námsgreina og svara því hver þeirra sé skemmtilegast að læra. Þar eru niðurstöðurnar ótvíræðar og segja til um viðhorf til íslenskunar sem námsgreinar. Skóli A velur íslensku í 6. sæti sem er síst skemmtilegt á meðan skóli B velur íslenskuna í 1. sæti sem skemmtilegustu námsgreinina.

*Hvaða félagslegu breytur virðast skipta máli í þessu samhengi?*

Hér er ekki augljós niðurstaða en út frá því sem áður hefur verið rætt um þá mætti athuga námsefnið aðeins betur. Námsefni í skóla A er kennslufni sem er notað víða og kennarar hafa reynslu af. Námsefni í skóla B er nýstárlegt, samið af þremur íslenskukennurum sem störfuðu við skólann (2 starfa þar enn). Ef námsefnið er kennurum hugleikið kemur það af sjálfu sér að þeir eru handgengnari því og umhugað um að vel til takist í kennslu og nemendur séu ánægðir. Þetta er óstaðfest ályktun en gæti hugsanlega verið félagsleg breyta í þessu samhengi.

## 5. Lokaorð

Rannsóknin sem hér er greint frá og niðurstöður úr henni veita mikilvægar upplýsingar um viðhorf unglinga tveggja grunnskóla til námsefnis í íslensku, íslenskukennslu og kennsluhátta í unglingsáttunda grunnskóla.

Viðhorfskönnunin leyfir ekki alhæfingu um neinn þátt kennslunnar, né heldur um viðhorf unglinga almennt til þessara þátta þar sem úrtakið var takmarkað við tvo grunnskóla. Hún er engu að síður gagnleg og mikilvæg fyrir skólana sem tóku þátt í henni og þá einkum þær vísbendingar sem má lesa út úr niðurstöðum um ýmsa þætti íslenskukennslunnar. Margar áhugaverðar niðurstöður komu fram í rannsókninni og verður hér dregið á nokkrar þeirra. Í töflu 1 þar sem nemendur velja skemmtilegustu námsgreining er niðurstaðan merkileg að því leytinu til að hjá einum skólanum er íslenska skemmtilegast fagið en hjá hinum síst skemmtilegasta. Hér væri áhugavert að vita hvað veldur þessu ólíka viðhorfi. Það má segja að þetta viðhorf speglist áfram í niðurstöðum annarra spurninga í könnuninni.

Markmið hvers skóla er að nemendur séu ánægðir með skólann sinn og það sem fer fram í honum, þess vegna eru kannanir sem þessi ávinningur fyrir þá. Hver sem útkoman er þá á hún að vera hvatning fyrir skólanna og þeir eiga að geta dregið lærdóm af henni, því hún speglar viðhorfi nemenda mjög vel.

Það sem leitað var eftir með þessari samanburðarrannsókn var að kanna hvort sýnilegur munur væri á viðhorfum nemenda til námsefnis, kennslu og kennsluhátta í íslensku. Eins áður hefur komið fram koma skólarnir úr ólíku umhverfi, eru ólíkir að stærð og hafa ólíkt námsefni og kennsluhætti. Niðurstaðan var sú að talsverður viðhorfsmunur kemur fram hjá nemendum skólanna tveggja til þessara þátta. Í skóla B þar sem námsefnið er nýstárlegt og nemendur eru gerðir ábyrgir fyrir sinni vinnu og sínu námi, eru nemendur ánægðari með íslensku sem námsgrein heldur en nemendur í skóla A þar sem námsefni og kennsluhættir eru með hefðbundnum hætti. Höfundur dregur þá ályktun að námsefni, kennsla og kennsluhættir skipti miklu máli og þeir þurfi að vera vel samstilltir ef þeir eiga saman að stuðla að ánægjulegum og innihaldsríkum kennslustundum og jákvæðum viðhorfum til greinarinnar.

## Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla – íslenska.* 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Bell, Judith. 2005. *Doing your research project. A guide for first-time researchers in education, health and social science.* Open University Press, Berkshire.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. 2006. „Er menningarlæsi ungs fólks að breytast”? Athugun á lestri og tómsundavenjum nemenda í 10 bekk. Tímarit um menntarannsóknir 3: 60-81.
- Ingvar Sigurgeirsson. 1992. *The role, use and impact of curriculum materials in intermediate level Icelandic classrooms.* University of Sussex.
- Kristrún Júlíusdóttir. 2006. *Íslenskukennsla. Könnun á viðhorfi nemenda.* Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.
- McKernan, James. 1991. *Curriculum action research. A handbook of methods and resources for the reflective practitioner.* Kogan Limited, London
- McMillan, James. 2008. *Educational research: fundamentals for consumer/* Boston: Pearson/ Allyn and Bacon.
- Þorbjörn Broddason. 2005. „Börn og breyttir miðlar”. *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna.* bls: 49-54. Reykjavík: Umboðsmaður barna og Háskóla Íslands.



## Fylgiskjöl

1. Könnun
2. Bréf til forráðamanna